

„Með fjaðrablíki ...“

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla



Kennsluleiðbeiningar

Til kennara

Við val á efni í bókina var leitast við að finna eitthvað sem höfðar til viðtakenda um leið og kynntar eru helstu greinar frásagnarlistar. Að öðru leyti var tekið mið af þeim markmiðum í bókmenntakennslu og lestri sem fram komu í Aðalnámskrá frá 2007 þar sem ný námskrá var enn í vinnslu. Nú þegar drög að nýrri námskrá hafa verið birt á vef menntamálaráðuneytisins kemur í ljós að efnisvalið fellur vel að því sem þar kemur fram um bókmenntir og lestur.

Við leggjum til að fremur en að lesa bókina kafla fyrir kafla velji kennarar saman t.d. ljóð og smásögu, skáldsögubrot og kvikmynd, teiknimyndasögu og örsögu og beri saman frásagnarmáta bókmenntagreinanna. Einnig er hægt að kynna allar greinarnar í lotu með því að velja eitt verk úr hverjum kafla sem lesið er með nemendum og frásagnaraðferðir m.a. bornar saman. Höfuð-áherslan þarf þó alltaf að vera á því að nemendur lesi, ræði, túlki og meti efni bókmenntatextanna.

Anna Steinunn Valdimarsdóttir og Ingibjörg Sigtryggsdóttir

Tillögur að vinnubrögðum

- Upplestur
- Umræður og hópvinna.
- Viðbrögð við texta – hvernig fáum við
- nemendur til að tjá sig um bókmenntir?
- Lestrardagbók skref fyrir skref
- Tillögur að kveikjum fyrir lestrardagbók – ljóð
- Tillögur að kveikjum fyrir lestrardagbók – lausamálstextar

Sjá eftirfarandi vefslóð:

http://vefir.nams.is/klb/mer_er_i_mun/mer_er_i_mun_klb.pd

Ljóðlist – Umræður og verkefni/tillögur að svörum

Vísur Vatnsenda-Rósu

1. Myndhverfingu – hér eru engin samanburðarorð. Augun eru hinir fögru steinar.
2. Í öðru erindi er eins og lesandinn/áheyrandinn sé ávarpaður. Elskhuginn er fjarlægur í öðru erindi en nálægur í því fyrsta og þriðja.
3. Um söknuð og sorg. Ástarsorg.
4. Ljóðstafir:
 1. erindi – Augun/augun/og þitt/þitt/þú
 2. erindi – síðan/sá/sannlega má/mann/mest
 3. erindi – manna/mest/mædd ó/aldrei/elsku

Orð sem skáldið vill undirstrika bera ljóðstafi. Áhrif þeirra eru einnig hljómræn og þeir binda saman braglínurnar.

Ást eftir Sigurð Norðdal

1. Ástin er honum meira virði en allt annað í lífinu: fylgir honum dag og nótt. Hún er honum t.d. skjól, yndi, svölun, sólskin, þögn, söngur. Náttúran hefur öðlast líf og lit vegnar ástarinnar og hann hefur færst nær guði.
2. Sólin brennir og nóttin slekkur.
3. Dæmi um myndhverfingar. Þú ert – sólskin, sólbráð, söngur, þögn
4. Hún er honum svölun að sumri og sólbráð að vetri. Kælir í hita og hitar í kulda), söngur í þöglum skógi og þögn í dyn borgarinnar.

Yfirlýsing eftir Magneu Matthíasdóttur

1. Ljóðmælandinn sem er kona lýsir því yfir að hún sé sjálfstæður einstaklingur og láti aðra ekki nota sig.
2. Höfundur notar myndhverfingar – líf hennar er ekki Laugardalsvöllur, líkaminn ekki Vesturbæjarlaug, hjartað ekki aðalbókasafnið.
3. Sambönd fólks þurfa að vera gagnkvæm. Annar aðilinn getur ekki bara þegið af hinum.

Hverfiskettir eftir Magneu Matthíasdóttur

1. Bein mynd einkennir myndmálið í ljóðinu.
2. Hugblær ljóðsins einkennist af glettni.
3. Ljóðmælandi gefur til kynna að þessi tiltekni köttur, kleópatra elenóra ísold, sé ekkert venjulegur köttur, gæti verið konungborinn a.m.k. yfir aðra ketti hafinn.
4. Þetta gæti allt eins verið um mannfólkið í hverfinu.

Grjót, mosi, vatn eftir Anton Helga Jónsson

1. Hugblær ljóðsins felur í sér glettinn lettinn tón en svolítill kaldhæðni.
2. Höfundur virðist þykja vænt um land sitt sbr. land, okkar land í síðustu línunni.

Ljóð af ættarmóti eftir Anton Helga Jónsson

1. Ljóðmælandi er ung, ógift kona.
2. Ljóðmælandinn er afskaplega óöruggur með sig og ofurseldur hópnum. Reynslan sem sagt er frá er lýsing á einelti.
3. Ljóðmælanda langar til að vera öruggur með sig og sjálfstæður.

Syneta eftir Bubba Morthens

1. Ljóðið er bundið. Það hefur reglulega ljóðstafi sbr. nýárs/nótt/nístingskulda, skipið/skreið/skaddað, austurströndina/stóðum/störðum.
2. Ljóðið greinir frá skipsskaða við eyjuna Skrúðinn.
3. Ljóðmælandi er einn hinna látnu.

Fallegur dagur eftir Bubba Morthens

1. Ljóðið er hefðbundið – hefur ljóðstafi og rím.
2. Íslenskt sumar og sólin syngja sitt lag og mávahvítt ský dormar.
3. Frá morgni til kvölds.
4. Lífsgleði, hamingja, vellíðan.
5. Nemendur svara hver fyrir sig.
6. Allt tekur enda. Einnig eftirvænting, e-ð skemmtilegt gerist í kvöld.
7. Syneta einkennist af sorg en Fallegur dagur af gleði. Efnið og orðavalið ræður tilfinningunum sem vakna.

Bjartsýni eftir Ásu Marin Hafsteinsdóttur

1. Bein mynd einkennir ljóðið.
2. Kvíði fyrir vetrinum birtist í ljóðinu en sagt er frá á gamansaman hátt.
3. Þó ljóðmælandinn vilji ekki upplifa veturinn ætlar hann að vakna að vori. Kannski líka svolítill bjartsýni að ætla að leggjast í hýði og sofa af sér veturinn.

Hjartsláttur eftir Ásu Marin Hafsteinsdóttur

1. Myndmálið er persónugerving.
2. Myndmálið lýsir vel líðan ljóðmælanda. Honum verður þungt um andardráttinn og hjartað slær örar.
3. Eftirvæntingin/spennan/angistin sem verður til þegar ljóðmælandinn sér þennan ákveðna einstakling.

Ljóð.is eftir Berglindi Ósk Bergsdóttur

1. Ljóðmælandinn hefur einangrað sig og lifir í gegnum netið.
2. Ljóðmælanda líður illa: hann lokar sig af og er fastur í heimi tölvunnar.
3. Myndmálið er persónugerving. Veraldarvefnum er líkt við könguló.
4. Milli línanna má lesa að höfundu standi ógn af veraldarvefnum og áhrifum hans á samskipti okkar.

Lífsspeki eftir Berglindi Ósk Bergsdóttur

1. Við þurfum að grípa tækifærin; vera gerundur í eigin lífi. Vanvirkni í skólastofunni er gott dæmi.
2. Vertu virkur, sýndu frumkvæði, taktu þátt.

Fuglinn trúr sem fer eftir Andra Snæ Magnason (vísanir feitletraðar)

1. Ég bið að heilsa

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum.
Á sjónum allar bárur smáar rísa
og flykkjast heim að fögru landi Ísa,
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Ó, heilsað öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í drottins ást og friði.
Kyssið þið, bárur, bát á fiskimiði.
Blásið þið þið, vindar, hlýtt á kinnnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr sem fer
með fjaðrabliki háa vegaleysu
í sumardal að kveða kvæðin mín,

Heilsaðu einkum ef að fyrir ber
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu.
Þröstur minn góður, það er stúlkan mín.
Jónas Hallgrímsson

2. Sigurður Fáfnisbani skildi fuglamál eftir að hann bragðaði á blóði Fáfnis.
3. Þau eru skrifuð eins og sögur (prósi).
4. Glettinn, gamansamur.

Haust eftir Ösp Viggósdóttur

1. Ljóðmælandinn er spenntur og kvíðinn en hefur smá von framan af. Sú von dvínar þegar hann kemur á skólalóðina og sér að allt er við það sama.
2. Persónugervingar eru bækur sem liggja ekki kyrrar, klukka sem geispar og leggst til svefns, pollar komnir úr sumarfríi.
3. Þær gera ljóðið myndrænna og fá lesendur til að sjá hluti í nýju ljósi.

Til langdvalar eftir Birgi Svan Símonarson

1. Vetur er gesturinn.
2. Myndmálið byggist á persónugervingu.
3. Ljóðmælandi gæti verið einhver sem kvíðir vetrinum.

18. eftir Birgi Svan Símonarson

1. Myndhverfing er notuð í ljóðinu.
2. Hann vísar í brunann mikla í Kaupmannahöfn 1728 þegar hluti af handritasafni Árna Magnússonar varð eldi að bráð.

Orð eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur

1. Hugblærinn lýsir depurð, tjáningarerfiðleikum og vonleysi. Efni og orðaval, t.d. vantrú, tortryggni, tímahrak.
2. Mismunandi svör – umræður. Ljóð Einars hér fyrir neðan gæti verið grunnur í umræður.

Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt,
sem dropi breytir veig heillar skálar.
Þel getur snúist við atorð eitt.
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Svo oft leyndist strengur í brjósti, sem brast
við biturt andsvar, gefið án saka
Hve iðrar margt líf eitt augnakast
sem aldrei verður tekið til baka
Einar Benediktsson

Einn góður maður eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson

1. Ljóðmælandi er að tala um Jesú Krist.
2. Túlka má ljóðið sem einlæga frásögn af Jesú Kristi. Einnig má lesa milli línanna og greina háðið sem felst m.a. í því að aðeins einn góður maður hafi fæðst langt í burtu og hann sé tilbeðinn einu sinni á ári.

Þrátt fyrir allt eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson

1. Vísað er í Hamlet eftir Shakespeare.

Hlemmur eftir Höllu Gunnarsdóttur

1. Um er að ræða beina mynd.
2. Oftast er talað um grænan lit vorsins, gróandann og ilminn sem fylgir vorinu. En hér er talað um mengunina í borginni og ljóðmælandi er þungstígur.
3. Hann er að tala um sólina.

Laugavegur (vh) eftir Höllu Gunnarsdóttur

1. Mismunandi svör. Tilvalin til kynningar.
2. Hugblærinn ber vott af uppgjöf.
3. Ljóðmælandinn er orðinn þreyttur á að vera meðvirkur og reyna sífellt að hughreysta og lætur til skarar skriða.

Fjölmenið 1 eftir Ísak Harðarson

1. Oft og tíðum vekja lítilfjörlegir atburðir sem engu máli skipta mikla athygli í samfélaginu.
2. Hún undirstrikar það sem ljóðmælandi segir.
3. Mismunandi svör. Tilvalin til kynningar.

Upphafsstaður eftir Ísak Harðarson

1. Mismunandi svör. Tilvalið til kynningar.
2. Myndhverfing.

III eftir Ingunni Snædal

1. Amman er reglusöm virðuleg eldri kona á peysufötum en afinn stríðinn og kærulaus töffari.
2. Í miðju ljóðinu er eins og myndin lifni við og varpað er ljósi á samband hjónanna.
3. Með því dregur höfundur upp mjög ákveðna mynd af gamla manningum bæði hvað útlit og persónuleika.
4. Mismunandi lausnir. Tilvaldar til kynningar.

Spurt eftir Ingunni Snædal

1. Mismunandi svör. Tilvalin til kynningar.

Nú eftir Ingunni Snædal

1. Myndhverfing.
2. Njóttu stundarinnar sem er að líða.

Viðbótarverkefni – ljóð

1. Búið til stutta teiknimyndasögu um ljóðið **Fuglinn trúr sem fer**.
2. Semjið eigið prósaljóð og reynið að nota vísanir, t.d. í aðrar bókmenntir, kvikmyndir, fréttir, sjónvarpsefni.

Hlemmur eftir Höllu Gunnarsdóttur

3. Lóan er komin að kveða burt snjóinn ..., Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir ... Vorið er komið og grundirnar gróa ... Tilvalið er að bera þessi hefðbundnu vorljóð saman við ljóðið Hlemm. Bæði ljóðin má finna sungin á eftirfarandi vefslóð:

<http://www.youtube.com/watch?v=WfKUPD6Utjw>

<http://www.youtubecom/watch?v=us9ASpkOaLo>

<http://www.youtube.com/watch?v=l2xrNhCAh0Y>

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,
geysast um löndin rétt eins og börn.

Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.

Hjartað mitt litla hlustaðu á,
hóar nú smalinn brúninni frá.

Fossbúinn kveður, kætir og gleður,
frjálst er í fjalladal.

Lag: sænskt þjóðlag / Þýðandi: Helgi Valtýsson

<http://barnavisur.wikispaces.com/Vorvindar+gla%C3%B0ir>

Vorið góða, grænt og hlýtt

Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn,
allt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.

Kveður í runni, kvakar í mó
kvikur þrastasöngur;
eins mig fýsir alltaf þó:
aftur að fara' í göngur.

Jónas Hallgrímsson

Jónas segir þetta vera eftir Heinrich Heine en eins og Páll Valsson segir í ævisögu Jónasar: „... svo íslenskar eru þessar vísur að allri gerð og hugsun að enn hefur ekki tekist að benda á frumkvæðið“ (bls. 478)

Þýtt á árunum 1844–1845.

Eiginhandarrit er varðveitt í Árnastofnun í handritasafni Konráðs Gíslasonar (KG 31 a II).

*Frumprentun í: Ljóðmæli eftir Jónas Hallgrímsson. B. Pjetursson og K. Gíslason hafa sjeð um prentunina. Khöfn 1847. [Fyrirsögn: „Vorvísur“].
Sótt 9.09.2012 <http://jonashallgrimsson.is/index.php?page=vorid-goda-grant-og-hlytt>*

Augun mín og augun þín

1. Tilvalið er að tengja **Augun mín og augun þín** og **Ást** eftir Sigurð Nordal við umfjöllunina um ást Höllu til Eyvindar/Kára.
2. Ljóðið er til í flutningi ýmissa tónlistarmann á youtube en hér eru slóðir Bjarkar og Ragnheiðar Gröndal.

<http://www.youtube.com/watch?v=laNyYrGqJFQ>

http://www.youtube.com/watch?v=Z89TGnBlwtU&feature=results_main

Syneta eftir Bubba Morthens – Ítarefni og viðbótarverkefni

Á þessari slóð má finna myndir og umfjöllun um slysið.

<http://gummimar.123.is/blog/2009/01/30/344516/>

Lagið í flutningi Bubba má finna á þessari slóð:

<http://www.youtube.com/watch?v=OfOZA-i82bo+>

Fallegur dagur í flutningi Bubba er á þessari slóð:

<http://www.youtube.com/watch?v=OXBHvQeftNY>

1. Nemendur útfæra textann myndrænt s.s. með gerð myndbands þar sem tónlist Bubba er í bakgrunni eða mála verk sem hæfa texta og lagi.

III. Ingunn Snædal

- Clint Eastwood. Nemendur taka saman fróðleik um Eastwood og skilgreina þær persónur sem hann leikur helst og áhrif hans.
- Gott getur reynst að taka öll prósaljóðin saman og láta nemendur velta fyrir sér efni þeirra og hvers vegna þetta form er valið. Prósaljóðin eru: Fuglinn trúr sem fer eftir Andra Snæ Magnason, Laugavegur (vh) eftir Höllu Gunnarsdóttur og Ingunn Snædal III.

Ljóð – ítarefni

Hverfiskettir eftir Magneu Matthíasdóttur

1. Myndgerið og/eða semjið– ljósmyndir, teikningar, teiknimyndasögur

Fuglinn trúr sem fer eftir Andra Snæ Magnason

1. Í ljóðinu skilur ljóðmælandinn fuglamál; vísun í Sigurð Fáfnisbana. Hér á eftir fer kafli úr frásögninni en hann er tekinn úr Grænkápu þar sem finna má frásögnina í heild sinni.

Guðný Ýr Jónsdóttir, Silja Aðalsteinsdóttir. 2. prentun 2006. Námsgagnastofnun, Reykjavík

Sigurður drepur orminn

Og er Sigurður hefur skamma stund heima verið vill hann efna heit sitt og drepa Fáfni. Ríða þeir Sigurður og Reginn á Gnitahiði á þann farveg er Fáfni var vanur að skriða er hann fór til vatns.

Þá mælti Sigurður: „Það sagðir þú, Reginn, að dreki þessi væri eigi meiri en einn lyngormur en mér sýnast vegir hans afar miklir.“

Reginn mælti: „Ger gröf eina og sest þar í. Og þá er ormurinn skriður til vatns, legg þá til hjarta hans og vinn honum svo bana. Þar fyrir færð þú mikinn frama.“

Sigurður gróf gröfina og faldi sig þar en Reginn hvarf á brott yfrið hræddur.

Og er ormurinn skreið til vatns varð mikill landskjálfti. Hann fnæsti eitri en eigi hræddist Sigurður né óttaðist þann gný. Og er ormurinn skreið yfir gröfina þá leggur Sigurður sverðinu undir bægslið vinstra svo við hjöltum nam. Og er hinn mikli ormur kenndi síns banasárs þá laust hann höfðinu og sporðinum svo að allt brast í sundur er fyrir varð.

Fáfni mælti: „Það ræð ég þér að þú takir hest þinn og ríðir á brott sem skjótast, því að það hendir oft að sá er banasár fær, hefnir sín sjálfur.“

Sigurður svarar: „Þetta eru þín ráð en annað mun ég gera. Ég mun ríða til þíns bóls og taka þar það hið mikla gull er frændur þínir hafa átt.“

Fáfni svarar: „Ríða muntu þar til er þú finnur svo mikið gull að ærið er um þína daga. Og það sama gull verður þinn bani og hvers annars er það á.“

Sigurður stóð upp og mælti: „Heim mundi ég ríða þótt ég missti þessa hins mikla fjár ef ég vissi að ég skyldi aldrei deyja. En hver frækn maður vill fé ráða allt til hins eina dags. En þú, Fáfni, ligg í fjörbrotum þar er þig Hel hafi.“

Og þá deyr Fáfni.

Þegar Fáfni var dauður kom Reginn til Sigurðar og mælti: „Veit mér eina bæn. Gakk til elds með hjarta Fáfnis og steik og gef mér að eta.“

Sigurður skar hjartað úr orminum og fór og steikti á teini. Og er freyddi úr þá tók hann fingri sínum á og skynjaði hvort steikt væri. Hann brá fingrinum í munn sér. Og er hjartablóð ormsins kom á tungu honum þá skildi hann fuglarödd. Hann heyrði að igður klökuðu á hrísinu hjá honum.

Hin fyrsta sagði: „Þar situr Sigurður og steikir Fáfnis hjarta. Það skyldi hann sjálfur eta. Þá mundi hann verða hverjum manni vitrari.“

Önnur segir: „Þar liggur Reginn og vill véla þann sem honum trúir.“

Þá mælti hin þriðja: „Höggvi hann þá höfuðið af honum og má hann þá ráða gullinu því hinu mikla einn.“

Sigurður mælti: „Eigi munu þau ósköp að Reginn sé minn bani og heldur skulu þeir fara báðir bræður einn veg.“ Bregður nú sverðinu Gram og heggur höfuðið af Regin.

Hleypur síðan á hest sinn Grana og reið til bóls Fáfnis. Fann hann þar stórmikið gull og marga dýrgripa. Tekur hann allt gullið og ber í tvær kistur miklar. Setur hann klyfjarnar á Grana og hleypur sjálfur á bak en hesturinn rennur sem laus væri.

- Í Mánudagsblaðinu 30. ágúst 1968 var eftirfarandi grein eftir Ólaf Hansson menntaskólakennara.

Dýrin tala

Sú trú, að dýr geti stundum talað, þekktist í einhverju formi hjá flestum þjóðum heims: Stundum tala dýrin mannamál, en stundum sitt eigið mál, sem mönnum er ekki gefið að skilja, nema töfrar komi til. Enginn vafi er talinn á því, að þessi trú standi í sambandi við ævaforna tótemtrú, þar sem mörkin milli manns og dýrs þurrkast stundum algerlega út. Maðurinn getur breytt í dýr og dýrið í mann. Stundum breytast lifandi menn í dýr, en sagnir um slíkar hamfarir þekkjast um allan heim. Stundum búa sálir framliðinna manna í dýrunum. Rök hafa verið leidd að því, að tótem- og hamfaratrú sé ein af undirrótum fylgju trúarinnar, en fylgjur eru oft í dýrslíki. Skugginn mun þó eiga einhvern þátt í fylgju trúnni, og stundum er hún í sambandi við fylgjuna, sem fæðist með börnum.

Sú trú er víða til, að dýrin skilji mannamál næsta vel, þó að þau tali ekki sjálf nema við hátíðleg tækifæri. Þetta er ein orsök tabúhugmynda í sambandi við hættuleg dýr, svo sem illhveli. Sjómenn þora ekki annað en tala vel um illhvelin á meðan þeir eru á sjó, kalla þau blessaða skepnuna eða eitthvað þvíum líkt. Öðrum þræði stafar þetta af því, að menn halda, að hin hættulegu dýr skilji það, ef illa er talað um þau og hefni sín þá grimmilega. Hins vegar er hér einnig að verki óttinn við nafnagaldur, en sjálft nafn hins hættulega dýrs getur valdið ýmislegri bölvun.

Í Rúmeníu er til sú þjóðtrú, að dýrin hafi í öndverðu talað ekki síður en menn, en djöfullinn hafi tekið málið af þeim. Í Vestur-Afríku trúu menn því, að apar geti vel talað mannamál en af klókindum geri þeir það ekki, nema þegar enginn maður er nærstaddur. Þeir halda sem sé, að ef þeir fari að tala, verði þeir teknir og látnir fara að vinna, en það vilji þeir sízt af öllu.

Dýrin tala mannamál

Það eru margar dýrategundir, sem eiga að geta talað mannamál, þegar svo ber undir. Í Afríku og Asíu er þessi trú ríkust í sambandi við apa, en hún þekktist víða í sambandi við hesta, asna, kýr, geitur, hunda, fugla og slöngur. Fræg er sagan úr fjórðu Mósebók um ösnu Bileams, sem tók að álasa húsbónda sínum á mannamáli. Bæði hjá Forn-Grikkjum og Rómverjum voru til sagnir um

hesta, sem mæltu á tungu manna, þegar húsbændur þeirra voru feigir. Enn í dag þekktist sú trú í sveitum Júgóslafíu,- að hestar fái mannsrödd og geti talað á banadægri húsbænda sinna.

Víða um Evrópu þekktist sú þjóðtrú, að dýr fari að tala mannamál á jólanóttina um miðnæturskeið. Hér á landi er þessi trú aðallega í sambandi við nýársnótt, þó að hún þekktist einnig í sambandi við þrettándann og Jónsmessunótt. Alþekkt er íslenska þjóðtrúin um manninn, sem vakti í fjósinu á nýársnótt og var ærður af kúnum. „Mál er að mæla“ „Maður er í fjósi“. „Hann skulum við æra“, „Áður en kemur ljósið“. Hér er trúin á talgáfu dýranna blandin ískyggilegum tabúhugmyndum og þeirri ævagömlu trú að dýrin séu í eðli sínu harla máttug og að í viðskiptum við þau sé allur varinn góður. Ef til vill á þessi saga um kýrnar á nýársnótt rætur sínar aftur í forneskjulegri tótemtrú.

Dýramál

Trúin á talgáfu dýranna kemur stundum fram í því formi, að þau tali ekki mannamál, heldur sitt eigið mál. Spekingar í Kína og Indlandi þykjast skilja apamál, töframenn Eskimóa og Aleúta selamál o.s.frv. Meðal indóevrópskra þjóða kveður mest að trúnni á fuglamál. Hún er útbreidd á Indlandi, Persíu og um alla Evrópu. Alþekkt er frásögn Völsungasögu af því er Sigurður Fáfnisbani steikti hjarta Fáfnis og tók að skilja mál igðanna er hjartablóðið kom á tungu hans. Svo er að sjá, að Sigurður hafi skilið fuglamál ætíð upp frá þessu. Í Ragnars sögu loðbrókar segist Áslaug skilja fuglamál. Í Norna-Gests þætti er enn vitnað í ummæli igðanna. Í fjölmörgum miðaldaævintýrum er talað um fólk sem skilur fuglamál. Það er engin tilviljun að Sigurður Fáfnisbani fór að skilja fuglamál, er hjartablóð Fáfnis kom á tungu hans. Slík trú er útbreidd í sambandi við dreka og slöngu.

Víða í Evrópu, Afríku og Asíu trúa menn því að sá sem étur hjarta úr slöngu, skilji mál allra dýra og auk þess allar þjóðtungur manna. Slangan getur blátt áfram orðið tákn tungumála og tungumálakunnáttu. Mestur er töframáttur slöngunnar, ef hún er hvít, en í sambandi við albínóafbrigði dýra er til alls konar þjóðtrú. Flestir eru þeirrar skoðunar, að hin klofna og einkennilega tunga slöngunnar, sem hún er alltaf að reka út úr sér, hafi átt mestan þátt í þessari trú, en annars hefur slöngunni frá fornu fari verið talið margt til lista lagt. Töframenn kunna fleiri aðferðir til að skilja dýramál en þá að borða; slöngu hjarta. Ýmsar plöntur geta veitt mönnum þennan hæfileika, ef rétt er með þær farið. Og frá fornu fari hefur þessi trú verið til í sambandi við smaragðinn, en þjóðtrúin í sambandi við gimsteina er mikil og fjölskrúðug. Sá, sem ber smaragð undir tungurótum sér, getur talað og skilið mál allra dýra.

Ólafur Hansson.

Sótt 9.09 2012 http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=3665081 og

18. eftir Birgi Svan Símónarson

Sjá: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5854>

Einn voðalegasti atburður **Íslandssögunnar** er stórbruninn í Kaupmannahöfn haustið 1728. Mestur hluti miðbæjarins brann til kaldra kola, þar með talið háskólahverfið, að undanteknu háskólaráðshúsinu. Háskólabókasafnið eyðilagðist gjörsamlega og með því ótal handrit, meðal annars ófá íslensk handrit frá miðöldum. Stjórnvöld komu litlum vörnum við og tilraunir til slökkvistarfs mistókust. Jón Ólafsson frá Grunnavík, sem var í borginni þessa daga, lýsti henni svo að bruna loknum: „Að líta á staðinn sjálfan er skelfilegt, það sér allt út eins og stórgrýtt holt eða hraun.“

Eldurinn kom upp að kvöldi miðvikudagsins 20. október og þá þegar hvöttu íslenskir námsmenn **Árna Magnússon** prófessor og handritasafnara til að koma eigum sínum undan. Handritasafn hans var eitt hið merkasta á Norðurlöndum og afrakstur áratuga erfiðis. Árni kvaðst treysta því að eldurinn yrði slökktur. Morguninn eftir var kominn eldur í Frúarkirkju og þá tók Árni við sér, enda aðeins nokkur hundruð metrar frá kirkjunni að húsi hans í Store Kannikestræde. Árna til aðstoðar við björgunina voru áðurnefndur Jón Ólafsson og Finnur Jónsson síðar biskup, ásamt þjónustufólki. Farnar voru fjórar eða fimm ferðir á vagni Árna, en á fimmta tímanum varð ekki meira að gert fyrir hita og er haft eftir Árna um leið og hann gekk út í síðasta sinn: „Þarna eru þær bækur sem aldrei og hvergi fást slíkar til dómadags.“



Eldur í Kaupinhafn. Leikmynd eftir Lárus Ingólfsson.

Á fimmta hundrað prentaðra bóka bjargaðist en mörg þúsund urðu eldinum að bráð. Handritin höfðu verið látin ganga fyrir, sem von var. Árna var mjög brugðið og í bréfum til Íslands næsta vor gerði hann meira úr glötuninni en efni stóðu til. Skaðinn var engu að síður mikill. Talið er að einungis tólf skinnhandrit hafi brunnið, mest Maríu sögur og **Karlamagnúsar sögur**, en ókunnur fjöldi handritsbrotta. Hjá Árna voru líka fáein íslensk skinnhandrit úr Háskólabókasafninu, sem hann hafði að láni og björguðust fyrir vikið. Aftur á móti brunnu allmörg pappírshandrit frá 17. öld og eftirrit handrita og bréfa sem Árni hafði látið gera áratugina á undan. Fornar bréfabækur embættismanna, alþingisbækur, annálar og kvæðabækur týndust, sem og Sæmundar Eddur, „geysimargar“ eins og Árni orðaði það sjálfur. Einnig má nefna jarðabók hans og Páls Vídalíns yfir Austurland. Síðast en ekki síst glötuðust minnisgreinar hans um ýmis efni, meðal annars lærða íslenska menn, sem hann hafði safnað fróðleik um nánast alla ævina.

Fyrst um sinn voru handritin í geymslu hjá vini Árna, Hans Becker kaupmanni. Síðar fékk Árni eigið húsnæði, mun þrengra en hann hafði haft áður, og svo virðist sem hann hafi aldrei haft geð í sér til að kanna nákvæmlega hvað bjargaðist og hvað glataðist. Hann lést rúmu ári eftir brunann, aðfaranótt 7. janúar 1730, 66 ára að aldri.



Árni Magnússon vann ótrúlegt þrekvirki með því að safna saman og varðveita ótal íslensk handrit sem annars hefðu glatast. Hér sést hann á gamla íslenska 100 króna seðlinum.

Árni hefur verið gagnrýndur fyrir að fara með nánast öll íslensk handrit úr landi og láta þau síðan næstum því eyðileggjast í eldi. Það eru ómaklegar aðfinnslur og líklegt að mikill hluti þeirra handrita sem þó eru til, þrátt fyrir stórbrunann í Kaupmannahöfn, hefði orðið eyðileggingu að bráð á Íslandi, hefði Árni ekki safnað þeim saman. Þýski fræðimaðurinn **Konrad Maurer** rökstyður þetta af mikilli skynsemi í lýsingu á ferð sinni um Ísland árið 1858, og er rétt að hann eigi síðasta orðið hér: „Auk þess er ástæða til að efast um að nokkuð markvert væri nú eftir af þeim ótölulega fjölda handrita sem Árni bjargaði með ósegjanlegum erfiðismunum úr höndum ógætinna eigenda... ef hann hefði ekki flutt þessa fjársjóði úr landi á þeim erfiðu tímum í sögu íslensku þjóðarinnar sem um var að ræða.“

Handritin heim

Íslendingar og Danir náðu samningum um skiptingu handrita úr safni Árna Magnússonar en ekki var þó endanlega gengið frá samningnum fyrr en 1986. Tveir þriðju hlutar handritasafnsins skyldu fluttir heim til Íslands en einn þriðji verða eftir í Árnasafni í Kaupmannahöfn.

Á Íslandi eru handritin nú varðveitt í **Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum** við Háskóla Íslands en söfnin tvö deila útnefningu handritasafnsins á varðveisluskrá UNESCO yfir andleg minni veraldar, Memory of the World Register.

Byrjað var að flytja handritin heim í apríl 1971 en síðustu handritin voru afhent við formlega athöfn í Háskóla Íslands þann 20. júní 1997.

http://bokmenntaborgin.is/?post_type=atburdur_a_timalinu&p=424

Leikrit – Umræður og verkefni/svör

Fjalla-Eyvindur eftir Jóhann Sigurjónsson

1. Þau búa í helli inni á öræfum og afla sér lífsviðurværis í náttúrunni í kring. Þau veiða , ræna sauðfé frá bændum, tína grös og ber og þurfa að útbúa ílát og húsbúnað úr því sem tiltækt er.
2. Arnes elskar Höllu og þolir ekki ást hennar og Kára.
3. Hún elskaði Kára svo mikið að hún gat ekki hugsað sér lífið án hans þótt það kostaði hana útleið.
4. Honum finnst Kári farinn að taka Höllu sem sjálfsögðum hlut; hann tekur ekki lengur eftir útliti hennar eða því sem hún gerir.
5. Mismunandi svör.
6. Mismunandi svör. Umræða.
7. Mismunandi svör. Umræða.
8. Hún sér hana fyrir sér frjálssa og hamingjusama með ungum manni á hvítum hesti. Vottur af óraunsæi (?)
9. Hún saknar einskis;henni nægir að vera með Kára, hann er lækurinn og gróandinn í hennar lífi.

Leiklist ítarefni

Um upphaf leiklistarstarfssemi hér á landi.

Sigurður Pétursson er jafnan talinn fyrsta íslenska leikskáldið en hann samdi tvö leikrit sem sett voru upp í Hólavallarskóla 1796 og 1799. Fyrst var það gamanleikurinn *Slaður og trúgirni* og svo leikritið *Narfi sem þykir mun betra verk*. Í handriti höfundar segir að *Narfi sé „gleðispil í þremur flokkum“ en í leikritinu felst einnig háðsádeila á þá Íslendinga sem gerðu allt sem þeir gátu til að semja sig að dönskum siðum og töluðu dönskuskotið hrognamál í stað íslensku. Þetta leikrit var vinsælt langt fram eftir 19. öldinni og hafði mikil áhrif á íslenskar bókmenntir.*

Sigurður Guðmundsson, oftast nefndur Sigurður málari, hafði mikil áhrif á leikritun og leiklist hér á landi á seinni hluta 19. aldar. Sigurður hafði lært málalag í Kaupmannahöfn en hafði mikinn áhuga á menningarmálum almennt. Hann hvatti til þess að hér yrði stofnað Þjóðleikhús og að skrifuð yrðu íslensk leikrit sem menntuðu þjóðina. Honum varð nokkuð ágengt hvað leikritun varðar því nokkur íslensk leikrit voru skrifuð á 19. öld og sett upp í Reykjavík. Þegar leið að aldamótunum 1900 störfuðu tvö leikfélög í bænum og skólapiltarnir úr Lærða skólanum héldu einnig áfram að setja upp sýningar. Árið 1897 sameinuðust þessi tvö leikfélög í Leikfélagi Reykjavíkur sem fékk nýtt húsnæði til umræða þ.e. hús Iðnaðarmannafélagsins, Iðnó, sem byggt hafði verið fyrir fundahöld og sjónleiki. Segja má að þarna hafi draumur Sigurðar ræst að vissu marki því nú var hér starfandi atvinnuleikhús þó svo það væri ekki Þjóðleikhús. Það var svo árið 1950 að Þjóðleikhús Íslendinga var vígt og tók til starfa.

Um Jóhann Sigurjónsson

Jóhann fæddist að Laxamýri í S-Pingeyjarsýslu 19. júní 1880. Hann var yngstur í stórum systkina-
hópi og virðist hafa átt gleðiríka æsku heima á Laxamýri. Jóhann gekk í Lærða skólann í Reykjavík
og tók virkan þátt í félagsstarfi stúdenta þar, var oft hrókur alls fagnaðar. Hann var þá þegar tekinn
til við að yrkja og hann skrifaði einnig fyrsta leikritið sitt á skólaárunum í Lærða skólanum. Hann út-
skrifaðist vorið 1899 og sigldi til Kaupmannahafnar þar sem hann hóf nám í dýralækningum. Hann
lauk því þó aldrei, má vera að hann hafi hafið þetta nám fyrir áeggjan foreldra sinna, sérstaklega
Sigurjóns föður síns, sem virðist hafa verið mikið í mun að hann tryggði afkomu sína með einhverj-
um hætti. Jóhann sneri sér nú alfarið að skriftum, aðallega leikritun.

Í Kaupmannahöfn kynntist Jóhann Ingeborg Thidemann, lífsglaðri eiginkonu skipstjóra hjá Sam-
einaða danska gufuskipafélaginu. Eiginmaðurinn var sjaldan heima en sá vel fyrir konu sinni sem
hafði átt í áralöngu ástarsambandi við Jóhann þegar eiginmaðurinn lést 1911. Ári síðar giftust þau
Ingeborg og Jóhann. Jóhann lést fyrir aldur fram árið 1919.

Heimild: Jón Viðar Jónsson. Kaktusblómið og nóttin

Tillögur að vinnubrögðum

1. Forvinna – leikmyndinni lýst. Nemendur mála/teikna myndir sem sýna aðstæður. Ath.
skáletraðar lýsingar í textanum.
2. Leiklestur er sjálfsgætt og ákjósanlegt að nemendur fái góðan tíma til undirbúnings.
Æskilegt er að sem flestir fái tækifæri á að spreya sig í leiklestri.

Viðbótarverkefni

1. Hópvinna Þjóðsagan um Fjalla-Eyvind og Höllu – sjá Þjóðsögur Jóns Árnasonar II. bindi,
bls. 237–245.
Mögulegt er að skipta nemendum í hópa og láta hvern hóp fá hluta af þjóðsögunni og
gera útdrátt. Síðan gerir hver hópur grein fyrir sinni niðurstöðu og kynni. Áherslur hópanna
gætu verið: uppruni, lýsingar, tilveran á fjöllum, bústaðir, endalok. Niðurstöður hópanna
mætti birta á veggspjöldum með fyrrgreindum fyrrsögnum. Til að spilla ekki upplifun
nemenda á leikritinu er ráðlegt að kynna fyrirmyndirnar ekki fyrr en lestri þess er lokið.
2. Umræður: Ræða hvernig höfundur fer með þjóðsöguna og hvers vegna hann dregur
upp aðra mynd af persónunum en kemur fram hjá Jóni Árnasyni. Hér er tilvalið að kynna
nýrómantíkina.
3. Hópvinna – Lesið þjóðsögunnar um Fjalla-Eyvind og Höllu og gerið samanburð á lýsing-
unum á þeim í þjóðsögunum og leikritinu.
4. Halla hafði ákveðna draumsýn fyrir hönd dóttur sinnar. Haldið þið að mæður í dag hafi
ákveðna draumsýnir fyrir hönd dætra sinna? Hverjar gætu þær verið?
5. Hópvinna Aflið ykkur upplýsinga um leiklistarstarfsemi í heimabyggð ykkar. Og veltið fyrir
ykkur hvaða áhrif leiklistarstarfsemi hefur á samfélagið.

Heimildaskrá: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri 1956. Safnað hefur Jón Árnason. Bókaútgáfan
Þjóðsaga II. bindi*

Smásögur – Umræður og verkefni/tillögur að svörum

Töframaðurinn eftir Jón Atla Jónasson

1. Sögumaður er 11 ára drengur og hún er sögð frá sjónarhorni hans.
2. Sagan virðist gerast í litlu sveitaparpi í Suður-Þýskalandi. Húsin eru eins eða svipuð með gluggahlerum og garði umhverfis. Í nokkurri fjarlægð frá húsinu er lestarstöð og verslun.
3. Svörtu hlerarnir sem eiga að halda storminum (drykkjunni) úti, þetta er einn af þessum dögum sem við erum látnir í friði. „Mig langar að segja honum að ég þurfi ekki grímuna.“
4. a. Mismunandi svör.
b. Hann er hræddur um að pabbi hans fari að drekka og hann óttast afleiðingarnar.
5. Sögumaður tók upp daginn þegar pabbinn svaf og þeir bræðurnir nutu samverunnar úti í sólskininu með mömmu sinni. Það ríkti þögn og ró.
6. Sögumanni virðist stundum takast, með einhverjum aðferðum, að fá föðurinn til að drekka ekki og mamma hans veit þetta. Töfrabrogðin og brellurnar eru þessar aðferðir.
7. Það er orðið of seint að stöðva drykkju föðursins. Hlerarnir eiga að halda storminum úti og stormurinn tákna þá drykkjuna. Sögumaðurinn virðist telja sig bera ábyrgð á því.
8. Sögumaður og móðir hans eru mjög nán, þau standa saman gegn drykkju föðursins. Hún leitar trausts hjá honum og þau eru í trúnaðarsambandi sbr. að hún hefur komið baksviðs á sýningar hans. Þegar faðirinn er ódrukkinn fær sögumaðurinn og bróðir hans að vera í friði og þær stundir eru svo mikilvægar að þeir rífast ekki einu sinni. Drukkinn er faðirinn stjórnlauus og ofbeldisfullur, sérstaklega gagnvart sögumanni.
9. Mismunandi svör. Umræða.
10. Mismunandi svör. Umræða.

Hálft andlit eftir Steinunni Sigurðardóttur

1. Tæpur sólarhringur.
2. Gefið er í skyn að nú sé hún ekki lengur hrædd við að fljúga, henni er sama um allt.
3. Að hennar mati er venjuleg stelpa sú sem er sæt, giftist og eignast börn.
4. Hún hélt að hann vildi hana ekki lengur vegna andlitslýtisins.
5. Jóa finnst útlitsbreytingin ekki skipta máli og skilur ekki afstöðu hennar.
6. Að vera ekki of upptekin af útlitinu.

Stökkið eftir Póri Bergsson

- Sögumaður er að læra til prests og býr þess vegna hjá prófastinum á Stað. Sagt er frá í 1. persónu.
 - Lækninum er lýst í samtali fólksins á Stað og með eigin gjörðum; hann fór í vitjun til sjúklings þrátt fyrir aftakaveður og að rata ekki um sveitina.
- Innri tími sögunnar er eitt kvöld.
 - Líklega gerist sagan á síðari hluta 19. aldar eða snemma á 20. öld. Þarna er hvorki sími né bílar.
- Sagan gerist langt frá sjó, inn til dala; úr alfaraleið. Það er heil þingmannaleið út í kaupstaðinn.
- Neikvæð orð þeirra um lækninn undirstrika hetjuskap hans og hugmyndir höfundar um hvað felst í raunverulegri hetjudáð.
- Það hlýtur að kallast fífldirfska að leggja líf sitt í hættu að óþörfu en hetjuskapur að taka áhættu til að hjálpa öðrum.
- Höfundur deilir á illt umtal og fífldirfsku.
- Helstu einkenni smásögunnar sem koma fram eru stutt kynning, sagan snýst að mestu um eitt atriði, fáar persónur og óljós endir.
- Mismunandi svör. Umræður.

Áströlsk vögguvísa eftir Sigríði Pétursdóttur

- Líklega óttast hún viðbrögð foreldranna og leitar þá eftir einhverjum fullorðnum til tala við og leita ráða hjá. Fjarlægðin gerir þetta einnig auðveldara.
- Hann fékk góða fósturfjölskyldu sem alltaf kom fram við hann af hreinskilni. Hann var ekki leyndur því að hann væri ættleiddur.
- Huldu finnst allt í lagi að drekka því það gera það allir, nema nördarnir.
- Samkvæmt sögunni fara íslenskar fjölskyldur í Ikea, sumarbústaði og eru viðstaddir opnanir stórverslana (Bauhaus, Lindex) um helgar. Hulda ætlar ekki að taka þátt í þessu ef hún ákveður að eignast barnið.
- Mismunandi svör. Umræða.
- Mismunandi svör. Umræða.
- Mismunandi svör. Umræða.
- Það hefur þau áhrif á stílinn að hver og einn heldur sínum máleinkennum og meira verður um talmál. Stíllinn er óformlegur og mikil nánd milli persóna. Þetta er skrifað samtal þar sem hver efnisgrein innan hvers pósts er sjálfstæð. Þetta gerir að verkum að byggingin er lausari en ella og um leið minnir textinn meira spjall. Hefðbundinn stíll fæli ekki í sér spjalltóninn.
- Mismunandi svör. Umræða.
- Mismunandi svör. Umræða.

Stanleyhamarsheimt eftir Þórarin Eldjárn

1. Jón Þór vaknar og man eftir því að hamri afa hans hefur verið stolið. Hann er heldur að Þrymur bekkjarbróðir hans hafi tekið hamarinn en þarf að sanna það. Jónína Freyja, tvíbura-systir hans, leggur til að hann leiti til Loga því hann sé eini vinurinn með viti. Logi tók málið að sér og fékk fljótlega fram óbeina játningu en Þrymur setti skilyrði fyrir því að skila hamrinum. Hann vildi fara í bíó með Jónínu Freyju en hún tók það ekki í mál. Þá fann Heimir vinur hans lausn á málinu. Jón Þór átti samkvæmt henni að dulbúast sem Freyja og mæta í bíóið. Jóni leist ekki á þetta en Logi tók af skarið og hringdi í Þrym og sagði honum að Freyja myndi mæta í bíóið ásamt frænku sinni frá Fáskrúðsfirði. Síðan dulbjuggust vinirnir sem stúlkur og hittu Þrym. Freyja (Jón Þór) náði hamrinum af Þrymi en frænkan (Logi) varð eftir í bíóinu. Þrymur var nú ástfanginn af einhverri stelpu frá Fáskrúðsfirði og var í MSN sambandi við hana.
2. Þeir urðu bestu vinir ef ekki meira.

Smásögur ítarefni

Stanleyhamarsheimt – Þórarinn Eldjárn sækir efni í ævagamalt 32 erinda frásagnarkvæði um þrumuguðinn Þór. Þetta kvæði sem stundum er kallað Hamarsheimt er varðveitt í Konungsbók Eddukvæða, handriti frá 14. öld sem varðveitt er í stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þrymskviða í stuttu máli

Kviðan byrjar þegar Þór vaknar og sér að hamar hans er horfinn. Hann biður Loka Laufeyjarson um aðstoð og Loki fær lánaðan fjaðurham hjá gyðjunni Freyju og flýgur til Jötunheima til að leita að hamrinum. Þar hittir hann jötuninn Þrym sem segist hafa stolið hamrinum og að hann muni ekki skila honum nema hann fái Freyju fyrir konu. Loki snýr heim og flytur þessi tíðindi en Freyja þverneitar að verða kona Þryms. Nú er illt í efni en þeir félagar, Loki og Þór, bregða á það ráð að Þór dulbúist sem Freyja og klæðist brúðarlíni og Loki þykist vera ambátt hans/hennar. Síðan fara þeir til Jötunheima og hitta Þrym sem fer strax að undirbúa brúðkaupið. Þór er ekki beinlínis kvenlegur, hvorki í útliti né borðsiðum og kemur nærri því upp um sig með mikilli græðgi og drykkjuskap. En Loki skýrir hegðun hans/hennar með því að brúðurin sé svo spennt að hún hafi hvorki getað borðað né sofið í átta nætur. Þrymur lætur svo bera inn hamarinn sem á að nota við hjónavígsluna en þá grípur Þór/Freyja hann og drepur Þrym og allt hans lið.

Viðbótarverkefni

1. Berið saman Þrymskviðu og sögu Þórarins. Hvað nýtir Þórarinn sér úr kviðunni?
2. Gerið myndasögur við efni Þrymskviðu (sjá innskot í lesbók).
3. Hópvinna – 4 hópar, hver hópur fær 8 erindi til úrvinnslu. – Færið efni kviðunnar til nútímamáls. Sjá t.d. <http://www.heimskringla.no/wiki%C3%9Erymskvi%C3%B0a> eða Eddukvæði. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Forlagið/Mál og menning

Töframaðurinn ítarefni

Stuttmynd <http://www.kvikmyndavefurinn.is/films/nr/350>

Brot úr skáldsögum – Umræður og verkefni/tíllögur að svörum

Ég um mig frá mér til mín eftir Pétur Gunnarsson

IV.

1. Átt er við að grunnþekking í íslensku sé ekki sem skyldi. Grunnþáttur málsins, orðaforðinn, hefur rýrnað. Í dag er staðan síst betri, orðaforðinn enn minni, máltilfinningu hrakar og enskan sækir stöðugt á.
2. *Að hamlá á móti* – reyna að koma í veg fyrir eitthvað.
Að komast eitthvað klakklaust – að komast eitthvað óskaddaður. Klakkur – standur á klyfbera sem bagginn var hengdur á.
Að elta ólar við eitthvað eða einhvern – að fárast um eitthvað, eiga í deilu um eitthvað eða baráttu við einhvern. Orðtakið á rætur að rekja til skinnverkunar þegar tveir toguðust á um skinn.
Eitthvað er efst á baugi – mikið er talað um eitthvað.
Að mata krókinn – að hagnast, einkum fjárhagslega. Á líklega rætur að rekja til þeirrar athafnar að taka mat upp úr pottum með krókum.
Að sitja á hakanum – að verða útundan, mæta afgangi.
Að leika á alls oddi – að vera mjög kátur.
Að ríða baggamuninn – að ráða úrslitum. Sennilega er upprunalega merkingin sú að sitja á baki áburðarhesti og þrýsta til annarrar hliðar svo baggarnir haldi jafnvægi. Eiginleg merking upprunalega orðtaksins er þannig að jafna þyngdarmun bagga.
Að láta kylfu ráða kasti – að láta örlögin ráða, að láta skeika að sköpuðu. Orðtakið hlýtur að vera runnið frá knattleik.
Að vera í miðjum klíðum – að vera í miðju kafi. Orðtakið er runnið frá vefnaði. Klíð merkir færur í vefstól en færa er það sem hægt er að vefa í einni lotu.
Að hafa töglin og hagldirnar – að hafa öll ráð í sínum höndum. Tögl – reipi, högl – þunnt tréstykki með gati eða götum til að draga reipi (tögl) í gegnum þegar baggi er bundinn (sjá mynd á bls. 520 í Íslenskri orðabók frá 2002).
Síðustu forvöð – Það er mál til komið, í síðasta lagi. Forvaði er klettur sem skagar í sjó fram og hægt er að vaða framhjá á fjöru. Síðustu forvöð er síðasta tækifærið að vaða fyrir klett vegna aðfallsins.
3. Það var ekkert rúm fyrir konur á vinnumarkaðinum. Þær voru bundnar við heimilisstörf og barnaupveldi.
4. Í skólanum var ekkert kennt sem skipti máli. Aðeins upptalning staðreynda, engin gagnrýnin hugsun, umræður eða skoðanaskipti. Nemendur fræddust lítið um umheiminn en áttu að gerþekkja Ísland og það sem íslenskt var og í ofanálag vera stoltir af því.

Ég um mig frá mér til mín eftir Pétur Gunnarsson

VII – 33.

- 1.–4. Mismunandi svör. Umræður.

Skáldsögur (brot) – ítarefni

„Fyrsta skáldsaga **Péturs Gunnarssonar**, *Punktur, punktur, komma, strik*, mætti fádæma góðum móttökum lesenda og gagnrýnenda þegar hún kom út árið 1976, ári seinna var hún tekin til kennslu í skólum víða um landið – og með því snarlega innlimuð í kanónu íslenskra bókmennta. Í bókinni var Andri Haraldsson kynntur til sögunnar og uppvexti hans og þroska fylgt eftir í bókum sem urðu að lokum fjórar talsins. Bækurnar um Andra ollu straumhvörfum í íslenskum bókmenntum, en þar öðlaðist hið íslenska borgar barn mikilvæga rödd í íslenskum bókmenntaheimi.“

„Í bókunum um Andra kvað sér hljóðs ný rödd íslenskum skáldskap – rödd ungra Íslendinga sem ólust upp á „mölinni“ svokölluðu, með borgarlífið sem miðpunkt tilveru sinnar. Skemmtileg sýn Péturs á reykvískan hversdagsleika og lipurt tungutakið, frjótt og myndríkt, fangaði hinn nýja íslenska veruleika sem tók við eftir seinna stríð á einstakan hátt.“ Sjá nánar

<http://www.sagenhaftes-island.is/hofundur-manadarins/nr/3128>

[Sjá einnig: Tíminn er eins og vatnið. Íslensk bókmenntasaga 20.aldar eftir Brynju Baldursdóttur og Halfríði Ingimundardóttur, bls. 147-152](#)

Viðbótarverkefni

1. Hópvinna – Nemendur afla sér upplýsinga um samfélagið á sögutímanum og tiltaki þær breytingar sem áttu sér stað á þessum tíma. (tækni, afþreying, skólinn, þérun, staða kennara gagnvart nemendum, staða konunnar, heimilishald/líf, börnin og uppeldið, stéttaskiptingin)
2. Hópvinna – 4 manna hópar velja nokkur orðtök úr textanum, skýra þau og semja frásagnir þar sem þau koma fyrir.

Kaldaljós (brot) eftir Vigdísí Grímsdóttur

1. Í þessu broti kemur fátt fram sem gefur þetta ákveðið til kynna en þó má nefna hárgreiðslu móðurinnar, slæðuna og bomsumnar sem vísa til miðbiks 20. aldar. Húsið er tvílyft með kjallara og stendur við fjörð undir fjalli sem heitir Tindur. Faðirinn fer í dagróðra nánast frá heimilinu.
2. Mismunandi svör. Umræða.
3. Þegar hann sér asann á móður sinni vaknar forvitni hans og hann fer niður til að athuga hvað er að og hann er undrandi á viðbrögðum hennar. Hann finnur til ábyrgðar og vill hjálpa bæði móður sinni og læðunni en óttast að fara einn inn í þurrkhúsið. Honum líður afskaplega vel þegar hann telur sig hafa fundið lausn og finnur til samkenndar með kettlingunum. Hann verður síðan áhyggjufullur og dapur þegar hann finnur ekki kettlingana fjóra sem eftir urðu í þurrkhúsinu og upplifir örvæntingu þegar þau fara að leita. Þegar þau finna kettlingana fyllist hann sorg og vanmætti. Fyrst áfellist hann sjálfan sig en reiðist síðan læðunni og ásakar hana. Vonleysi og nístandi sársauki taka við og reiði sem beinist gegn föðurnum í fyrstu en svo er hann í vafa um hvor sé sekari, hann eða faðir hans.

4. Mismunandi svör. Umræða. Hugsanlegt svar er að nýja hólfíð geymi nýja reynslu og hláturinn nýjan hljóm sem hann fær vegna þessarar reynslu. Þessi hlátur er líklega þungur uppgerðarhlátur, hann kemur í stað þess að gráta.
5. Mismunandi svör. Umræða.

Grafarpögn (brot) eftir Arnald Indriðason

1. Tilvera barnsins undirstrikar ömurleika fíkniefnaheimsins. Lesandinn fyllist meðaumkun með barninu og móður þess.
2. Drengurinn virðist óttast snertingu, hefur sjálfsagt orðið fyrir ofbeldi.
3. Fólkið telur að hann sé harður í horn að taka. Alli þekkir til Erlendar gegnum Evu Lind og ber óttablandna virðingu fyrir honum. Ragga segir að Eva þoli hann ekki.
4. Mismunandi svör. Umræður.
5. Erlendur byrjaði á að fara inn á dimman bar í elsta hluta borgarinnar. Þar var setið við eitt og eitt borð, kántrítónlist leikin og barþjónninn las Ísfólkið. Þar hittir hann fíkniefnasala sem hann eltir út í Grjótaþorp. Síðan berst leikurinn í dópgreni við Tryggvagötu þar sem Erlendur finnur meðvitundarlausu unga stúlku og lítið barn hennar. Barnið er illa til reika; óhreint, svangt og hrætt. Það kviknaði aðeins á einni peru sem hékk niður úr loftinu. Þarna var ekkert gólfefni, aðeins steypa. Skítugar dýnur út um allt, járnbox með tveimur sprautunálum og plastslanga lá á gólfinu rétt hjá ungu stúlkunni. Ungu stúlkan lá á milli tveggja meðvitundarlausra manna. Undir lok kaflans fer Erlendur um Norðurmýrina og finnur Evu Lind meðvitundarlausu í litlum garði við Snorrabraut, stutt frá gamla fæðingarheimilinu.
6. Stíll Arnaldar er látlaus, einfaldur, alvörubrunninn og lítið um myndmál. Hæg og hröð frásögn skiptast á. Mjög læsilegur texti. Stíll Péturs er knappur og mikið um myndmál og snjallar líkingar. Frásagnarhátturinn oft gamansamur og sérstakt orðaval.

Ég man þig (brot) eftir Yrsu Sigurðardóttur

1. Þau eru stödd í illa förnu, yfirgefnu húsi sem stendur undir hlíð á Hesteyri. Þau hyggjast gera húsið upp og breyta því í gistihús. Húsið er rafmagnslaust og símasambandslaust nema ef farið er upp á hlíðarbrúnina. Fyrir aftan húsið er skakkur trépallur og mikið af gulnaðri hvönn en göngufæri í tæran læk þangað sem þau sækja vatn. Hesteyri er sjávarþorp sem nú er í eyði og þangað er eingöngu hægt að komast sjóleiðina.
2. Afskekkur eyðistaður sem þessi er tilvalinn fyrir spennusögur og hrollvekjur þar sem erfitt er að ná í hjálp ef á þarf að halda. Eyðibýli hafa yfir sér ákveðna dulúð því að við vitum ekki hvað hefur gerst þar.
3. Þetta er 3. persónu frásögn og sagan sögð frá sjónarhorni Katrínar.
4. Katrín hafði verið hrifin af Garðari frá því í grunnskóla og menntaskóla en tilheyrði ekki hans vindahópi, hópi kláru og fallegu krakkanna. Hún taldi sig of þunga, ekki fallega og lítinn námsmann. Þau fóru ekki að vera saman fyrr en tveimur árum eftir menntaskólann og hún hefur aldrei skilið hvers vegna Garðar valdi hana. Hún er órugg gagnvart honum og einnig

gagnvart Líf en stendur þó á sínu, reynir að láta orð þeirra og gerðir ekki hafa áhrif á sig. Katrín virðist alvörugefin, jafnvel þung í skapi. Lýsingarnar eru nauðsynlegar því þá skynjar lesandinn þögnina og einveruna sem síðan er snögglega rofin þegar Garðar lætur henni bregða. Þær skapa rétta andrúmsloftið og undirstrika óvissuna sem tengist marrinu sem Katrín heyrir síðar í frásögninni.

5. Mismunandi svör.
6. Spennan og dulúðin verða til með brotakenndum umhverfislýsingum og ýmsu sem gefið er í skyn varðandi samband Lífar og Garðars og hvort þau eru ein á staðnum. Blettur á gólfinu í eldhúsinu gæti verið málning en einnig blóð. Katrínu finnst eins og einhver sé fyrir aftan hana þegar hún sækir vatnið í lækinn og Garðar segist hafa séð hana fyrir framan húsið en hún var allan tímann fyrir aftan það. Viðvörunarorð nemanda Katrínar skapa einnig dulúð og spennu auk þess sem kaflinn endar í óvissu. Yfir höfuð er Katrín full efasemda gagnvart umhverfinu.

Örsögur – Umræður og verkefni/tíllögur að svörum

Tvær örsögur úr Albúmi eftir Guðrínu Evu Mínervudóttur

1. Sögurnar fjalla báðar um einhvern klaufaskap á góðlátlegan og broslegan hátt. Þá eru litir áberandi í þeim báðum. Setningar eru langar og flæðandi sem skapa ljúfan og seiðandi hugblæ.
- 2.–3. Einstaklingsverkefni/hópverkefni.

Sængurverafiðrið eftir Elísabetu Jökulsdóttur

1. Höfundur notar myndhverfingu. Ástinni er líkt við sængurverafiður.
2. Mismunandi svör. Umræður.
3. Andstæður: Svarta myrkur og hvítt fiður. Án ástar er myrkur.
4. Mismunandi svör. Umræður.
5. Rósótt sængurver, svarta myrkur, hvítt fiður, mjúk, hlý, kitlandi. Þau varpa mjög jákvæðu ljósi á ástina.
6. Einstaklingsverkefni.

Sárabótabarnið eftir Elísabetu Jökulsdóttur

1. Sárabótabarnið er barn sem fær allt sem hægt er að kaupa fyrir peninga.
2. Því finnst lífið skulda sér eitthvað vegna þess að það fékk ekki þá athygli og umhyggju sem öll börn þurfa.

Vinnukonan eftir Elísabetu Jökulsdóttur

1. Lesandinn upplifir stressið og flýttinn.
2. Höfundur bendir okkur á að slaka á og njóta hvernar stundar sem líður.
3. Mismunandi svör. Umræða.
4. Mismunandi svör. Umræða.

Rjómaspræna eftir Sigurlín Bjarney Gísladóttur

1. Sögumaður er heimiliskötturinn og honum líður afskaplega vel; hann liggur í leti og malar af ánægju.
2. Húsmóðirin bölvar kettinum en þykir þó vænt um hann; hellir rjómasprænu út á fiskinn.

Barbíkjútjútt eftir Sigurlín Bjarney Gísladóttur

1. Sólin glennir fætur, pissar og skeinir sig.
2. Almennt er hugblærinn gáskafullur. Grillarinn er mjög ánægður í fyrstu eða þar til flugan kemur og spillir öllu. Þá verður hann sár og leiður en sólin og flugan eru ánægðar.
3. Sviðsetning, persónugervingar og hlutverkaskiptin þegar flugan tekur við grillinu skapa hugblæ sögunnar.
4. Boðskapurinn gæti verið að ð láta ekki lítilræði eyðileggja ánægju sína.

Örsögur – viðbótarverkefni

- Gaman gæti verið að fá nemendur til að gera myndasögur við örsögur eins og Vinnukonan , Barbíkjútjútt og Rjómasprænan.

Teiknimyndasögur – Umræður og verkefni/svör

Hetja –sögur úr Njálu eftir Emblu Ýr Bárudóttur og Ingólf Örn Björgvinsson

1. Mismunandi svör.
2. Mismunandi svör en getur verið – vekur ótta um að illa fari.
3. Óvinir Gunnars óttast hann því það virðist hafa runnið á hann æði. Hann gerir sér líklega grein fyrir að þetta verði hans síðasta orusta og ræðst óhikað gegn óvinum sínum.
4. Þessi frásögn sýnir að Gunnar er mikil hetja og hann treystir sér til að berjast gegn fjölda manns meðan hann hefur bogann. Hallgerður er hins vegar svo stolt og/eða langrækin að hún notar þetta tækifæri til að ná sér niður á Gunnari sem hafði löðrungað hana fyrr í sögunni. Hvað varðar samband Gunnars og Hallgerðar gefur frásögnin í skyn að á milli þeirra sé ákveðin togstreita vegna löðrungsins.
5. Svar Gunnars - Þú ert ágæt!
6. Mismunandi svör.
7. Mismunandi svör.

Snörlaskeið eftir Arnar Þór Kristjánsson og Andra Kjartan Andersen

1. Rannsókn, athugunarefni.
2. Bakgrunnurinn er bleikur þegar Þormóður og Þrúðgerður eru í ástarvímu og draumórnir taka völdin. Blár og grænn tákna náttúruna og þá er allt með kyrrum kjörum. Þegar ástin hefur tekið völdin; Þrúðgerður hefur fallið fyrir Snörla og Þormóður elskar Þrúðgerði, ríða þau saman inn í sólarlagið, rómantíkin.
Bakgrunnur síðustu myndarinnar er brúnleitur sem gefur til kynna að myndin sé gömul; minnir á gamlar fjölskyldumyndir.
3. Sagan hefst á meginmálinu, engin kynning.
4. Mismunandi svör og túlkun.

Hvað langar þig í jólagjöf elskan?

1. Hann er ekki ánægður með gjöfina, daufleg viðbrögð, ekkert upphrópunarmerki.
2. Mismunandi svör. Umræður.
3. Mismunandi svör. Umræður.

Kvíkmyndir

Börn eftir Ragnar Bragason

1. Guðmundur er aðalpersóna myndarinnar. Sagan er sögð frá hans sjónarhorni og allar aðrar persónur birtast í frásögninni vegna beinna eða óbeinna tengsla við hann.
2. Það sem einkennir samband og samskipti foreldra og barna í myndinni er ákveðið sambandsleysi. Það er svo margt ósagt milli foreldra og barna; börnin greina ekki frá áhyggjum sínum og vangaveltum fyrr en það er að verða um seinan og foreldrarnir skýra ekki aðstæður og atburði fyrir börnum sínum. Myndin bendir foreldrum á að tala meira við börnin sín og börnunum að tjá sig um áhyggjur sínar.
3. Hann er ábyrgðarlaus, ofbeldisfullur hrotti í fyrri hluta myndarinnar og allir hans nánustu að gefast upp á honum. Augu Garðars opnast þegar Guðmundur sonur hans vill ekkert af honum vita og hann hefur verið lúbarinn fyrir misskilning. Þrátt fyrir allt kemur móðir hans honum á sjúkrahús og í lokasenuinni er gefið í skyn að hann hafi áttað sig og vilji breyta hegðun sinni.
4. Hann er hræddur og innilokaður drengur í upphafi myndarinnar. Hann á hvorki vini né foreldra sem skilja hann og stöðu hans. Hann hefur helst samskipti við þroskahamlaðan nágranna sinn sem einnig á í miklum vanda. Í lok myndarinnar hefur móðir Guðmundar tekið sig á og áttað sig á stöðu hans en auk þess virðist hann ná jákvæðum tengslum við föður sinn. Þetta hefur þau áhrif að áhorfandinn skilur við Guðmund með þá tilfinningu að honum muni farnast betur.
5. Mismunandi svör en við teljum að svart/hvít mynd undirstriki alvöru við fangsefnisins.
6. Mismunandi svör. Að okkar mati er myndin mjög trúverðug og bendir foreldrum og börnum á mikilvægi þess að tala saman um það sem veldur þeim hugarangri.
7. Mismunandi lausnir.

Nói albinói eftir Dag Kára Pétursson

Gott er að bera þessa mynd og efni hennar saman við myndina *What's eating Gilbert Grape* eftir Lasse Hallström. Hún fjallar einnig um ungan mann sem er einangraður og bundinn ósýnilegum fjötrum við áttaha sína.

1. Nói er einrænn og ljúfur strákur sem býr hjá ömmu sinni en í nágrenninu býr drykkfelldur faðir hans. Hann hefur góð samskipti við ömmu sína en ekki mikil. Þrátt fyrir það virðist hann líta á hana sem sinn bakhjarl enda hefur faðir hans brugðist honum og móðirin er víðs fjarri. Nói er mjög vel gefinn en stundar ekki námið og á ekki í góðum samskiptum við kennarana. Hann á einn góðan vin í þorpinu sem er bóksali á aldur við föður hans og seinna kynnist hann dóttur bóksalans og þau verða mjög góðir vinir.
2. Bestu vinirnir eru amman, bóksalinn og dóttir hans. Hugsanlega má skýra vinaleysi hans út frá aðstæðum; hann býr einn með ömmu sinni en hann er einnig fremur sérhlunda, sker sig úr fjöldanum, passar ekki inn í hópinn og fær hafa skilning á sérstöðu hans.

3. Þorpið virðist vera afskekkt í djúpum firði sem er umlukinn háum fjöllum, líklega á Vestfjörðum. Þetta er snjópungur staður, þorpið er fámenn og þar gerist fátt. Þarna er skóli, verslun, bensínstöð, bóksali, verkstæði, bankaútibú og kirkjugarður.
4. Þegar Nói hættir í skólanum fær hann vinnu við að taka grafir og þegar spáð er fyrir honum í bolla vill spámaðurinn ekkert segja um það sem hann sér í bollanum. Þegar amma tekur slátur verður Nóa á að hella blóði yfir allt eldhúsið; amma hans og pabbi sitja útötuð í blóði en hann fær ekki á sig dropa.
5. Þetta má túlka sem hljóða vísbendingu ömmunnar um að hann eigi að koma sér burt frá þessum einangraða stað og skoða heiminn; finna bjartari og sólríkari tilveru.
6. Þegar stillimyndin verður hreyfimynd í lokin er gefið til kynna að þetta verði að veruleika; hreyfing er kominn á hlutina, Nói er farinn á nýjar slóðir.
7. Segja má að flóðið ásamt hvatningu ömmunnar hafi losað um áttthagafjötrana og leitt til þess að hann áttaði sig á að hann þyrfti að vera gerandi í sínu lífi.
8. Við eigum að lifa lífinu lifandi; stýra frekar en að láta lífið bara hellast yfir okkur.

Órói eftir Ingibjörgu Reynisdóttur og Baldvin Z

1. Helstu persónur eru fjórar þ.e. Gabríel, Stella, Tara og Gréta. Gabríel býr hjá mömmu sinni og stjúpa. Móðirin er stjórnsöm og heldur fjölskyldufundi sem fara mjög í taugarnar á Gabríel en pabbi hans er fremur áhugalaus um aðstæður hans. Það sem helst hvílir á Gabríel er hins vegar hans eigin kynhneigð. Stella og Gréta eiga báðar í erfiðleikum heima fyrir. Gréta getur ekki hugsað sér að búa heima vegna drykkjuskapar og hegðunar móður sinnar og vill fara að leigja. Hún vill einnig fá að vita eitthvað um pabba sinn sem hún hefur aldrei hitt. Stella á einnig í samskiptaerfiðleikum heima. Hún býr hjá ömmu sinni sem ofverndar hana svo samband þeirra er stirt. Tara getur ekki treyst kærastanum sem virðist halda framhjá við fyrsta tækifæri.
2. Gabríel er hæglátur, ljúfur og samviskusamur strákur og félagar hans leita gjarnan til hans í vandræðum sínum.
3. Þær eiga báðar í erfiðum samskiptum annars vegar við móður og hins vegar ömmu. Amma Stellu er mjög afskiptasöm og stjórnsöm og af einhverjum ástæðum geta þær alls ekki talað saman. Stella er viðkvæm, ráðvillt, óörugg og reið og ræður ekki við aðstæður sínar, gefst upp og tekur eigið líf.
Gréta elst upp hjá drykkfelldri, einstæðri móður sem sífellt kemur heim með nýja menn sem stoppa stutt við. Hún þekkir ekki pabba sinn og er óhamingjusöm og reið móður sinni. Hún er hins vegar ákveðin og sjálfstæð og tekur því til sinna ráða, gefst ekki upp. Hún tekur til sinna ráða og flytur að heiman og í framhaldi af því kynnist hún pabba sínum.
4. Mismunandi svör.
5. Mismunandi svör.
6. Mismunandi svör.

7. Það er óróleiki innra með öllum aðalpersónunum.
8. Mismunandi svör.
9. Við verðum að standa með sjálfum okkur, vera við sjálf og tala um erfiðleika sína og taka á vandamálunum.

Ungfrúin góða og húsið eftir Guðnýju Halldórsdóttur

1. Sagan gerist í litlu sjávarþorpi á Íslandi, líklega seint á 19. öld eða í upphafi 20. aldar. Vélbátur er notaður til að ferja fólk og vörur en vélbátar komu til Íslands á þeim tíma.
2. Sögumaðurinn er móðir Rannveigar og Þuríðar.
3. Rannveig er sjálfstæð og fer sínar leiðir. Neitar t.d. að giftast þeim mönnum sem systir hennar vill að hún giftist. Rannveig er afar hjálpsöm og kemur fram af virðingu við fólk í þorpinu. Systir hennar er algjör andstæða. Hún er ráðrík, óheiðarleg, hrokafull, lygin og föst í hugsunum um álit annarra á fjölskyldunni. Hún gerir allt til að verja „heiður“ fjölskyldunnar. Þær eiga þó það sameiginlegt að falla fyrir Viggó.
4. Stéttaskiptingin kemur vel fram í samskiptum yfirstéttarinnar í þorpinu við vinnufólk sitt og þeim mikla mun sem er á kjörum þeirra. Yfirstéttin býr við allsnægtir en íbúar þorpsins við mikla fátækt.
5. Mismunandi svör.
6. Ungfrúin góða er Rannveig og húsið er hugsanlega systir hennar, ættin og orðspor hennar.
7. Kona í milli- og yfirstétt er föst í hefðbundnu kynhlutverki á þessum tíma. Þær voru bundnar heimilinu.
8. Viðfangsefni myndarinnar er hræsni og yfirborðsmennska og ádeila um leið.
9. Mismunandi svör.
10. Mismunandi svör.